

Fyrsti fundur fundur Deltadeildar, starfsárið 2020-2021 haldinn 19. nóvember 2020 í Zoom fundarkerfinu, kl. 17.30.

Meðan konur voru að tínast inn í fundarkerfið var almennt spjall og farið yfir reglur í fundarkerfinu. Jónína Erna formaður fór yfir mætingu, setti fundinn og bað Jónínu Eiríksdóttur að kveikja á kertunum. Við vorum 12 sem mættum á fundinn, að meðtöldum gestinum.

Gestur fundarins.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, landssambandsforseti og gestur fundarins, flutti erindi. Hún nefndi meðal annars að hún hefði haft áhyggjur af félagsskapnum okkar vegna Covid-19 og þá hvort mikið brottfall yrði þar sem fátt hefur verið um fundi og ráðstefnur. En það hefur ekki verið raunin og er það ánægjulegt. Líkur eru á að alþjóðlega ráðstefnan, sem átti að vera 2021 í Finnlandi, falli niður og verði frestað til ársins 2023. Ingibjörg hvatti okkur Delta konur að fjölmenna þá.

Þá benti Ingibjörg á að deildir geta fengið fyrirlesara frá Landsambandinu á fundi, og þá í fjarfundi. Þessi ábending fékk góðar undirtektir. Þá hvatti hún okkur að fara á vefsíðu alþjóðasamtakanna, dkg.org, fara þar á *mínar síður* og setja inn mynd og fæðingardag.

Ingibjörg sagði að hún hafi haft mikla ánægju af að vera forseti landssambandsins og hún hafi verið á miklu fleiri fundum hjá alþjóðasamtökunum en áður, þökk sé tækninni með fjarfundi.

Fyrirlestur frá vorþinginu.

Jónína Erna fór yfir fyrirlestur Elvar Ýrar Gylfadóttur framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar um Falsfréttir og fjölmiðlalæsi og stjórnaði umræðum um hann. Fyrirlesturinn átti að vera á vorráðstefnunni í Borgarnesi og er ánægjulegt að Landssambandið hafi sett hann á vefinn, en þarna er á ferðinni athyglisverður fyrirlestur. Þetta er annar tveggja fyrirlestra sem til stóð að flytja á vorráðstefnunni í Borgarnesi 2020 en ráðstefnunni var því miður aflýst vegna kórónuveirufaraldursins.

Hver og ein félagskona sagði síðan frá sér og sínum og ræddu um ýmsa þætti í erindi Elvu Ýrar.

Hver er ég ? Félagskona segir frá. Elísabet Jóhannesdóttir sagði frá sjálfri sér og einstaklega líflegan og skemmtilegan hátt. Sagði frá skólagöngu sinni og ánægju

sinni í kennarastarfinu—hún sagði líka frá því að hún hefði kennt sjálfri sér að lesa. Elsa sagði svo frá því að þetta yrði síðasti veturinn sem hún kennir.

Orð til umhugsunar var í umsjón Jensínu Valdimarsdóttur. Hún fjallaði á skemmtilegan hátt um fordæmalaus tíma sem við lifum í dag og velti því fyrir sér hvort þetta væru fordæmalausar tímar en við höfum áður lifað. Hún notaði tæknina og sýndi okkur glærur á Zoom.

Happdrættið:

Happdrættið var á sínum stað og höfðu félagskonur keypt miða fyrir fundinn með því að leggja inn á reikning deildarinnar. Jónína Erna dró í happdrættinu og sú heppna er Valgerður Janusardóttir. Halldóra færir henni vinninginn og er ekki langt að fara að koma honum í réttar hendur.

Fundarslit.

Halldóra Jónsdóttir